

Kennsluáætlun

Grunnskóli Húnaþings vestra

Góður skóli – gjöful framtíð

Kennsluáætlun



Námsgrein: Samfélagsfræði

Bekkur/hópur: 5. -7. bekkur

Kennarar: Hrönn Björnsdóttir og Viktor Ingi Jónsson

Tímabil: Haustönn 2024

Leiðsagnarmat:

Hvað verður metið, hvernig og hvenær?

- Metin verður verkefnavinna með umsögn með/ án bókstafa.
- Gefin er bókstafur í lok skólaárs.
- Nemendur metnir eftir sjálfstæðum vinnubrögðum
- Nemendur metnir eftir samvinnu
- Nemendur metnir eftir vinnusemi og þátttöku í kennslustundum.
- Nemendur verða metnir eftir þátttöku í umræðum.

Námsefni: Ég og samfélagið, ýmis verkefni sem eru í þeirri kennslubók.

Viðfangsefni: Samfélagið okkar, Ísland er land okkar, lýðræði, fjölmiðlar, lög og reglur, fjölmening, lýðveldi, umferðarreglur,

Hæfniviðmið:

- Gert grein fyrir hugmyndum um samhjálp og velferð og framkvæmd hennar í samfélaginu.
- Séð gildi slysavarna og viðbragða við slysum í heimahúsum, nærsamfélagi og náttúrunni.
- Lýst nokkrum einkennum lýðræðislegra samfélagshátta.
- Lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.
- Aflað sér, metið og hagnýtt upplýsingar um menningar og samfélagsmálefni í margvíslegum gögnum og miðlum.
- Velt fyrir sér ýmsum þáttum sem sagan hefur mótast af, svo sem umhverfi, samfélagsskipulagi og þjóðfélagsshreyfingum.
- Gert grein fyrir hlutverki nokkurra helstu stofnana samfélagsins
- Sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum.
- Sett sér markmið og gert áætlanir við fjölbreytt viðfangsefni.
- Tekið þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu.
- Rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga.
- Nefnt dæmi um gildi jafnréttis og mannréttinda í samfélaginu og rætt áhrif staðalímynda.
- Rætt reglur í samskiptum fólks og tekið þátt í að setja sameiginlegar leikreglur með öðrum.
- Tekið þátt í samræðu um stöðu sína sem þátttakandi í samfélaginu, réttindi og skyldur, sýnt ábyrgð í samskiptum og átti sig á réttindum sínum samkvæmt alþjóðasáttmálum.
- Sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra.
- Tekið þátt í samfélagsmálum á ábyrgan hátt.
- Metið og brugðist við ólíkum skoðunum og upplýsingum á fordómalausan hátt.
- Tjáð þekkingu sína og viðhorf með fjölbreyttum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra.
- Sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

Verkefni: Nemendur taka þátt í alþingiskosningum. Vinna með viðfangsefnið víkingar og búa til víkingaskip og landnámsmann. Vinna með hugtakið fjölmenningsamfélag og búa til fána lands sem þau eiga rætur að rekja til.